

KIRKJUGARÐARÁÐ

44. fundur haldinn 11. september 2006 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Guðmundur Þór Guðmundsson í fjarveru Ragnhildar Benediktsdóttur, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Gunnar Bollason í fjarveru Kristínar Huldar og ritaði hann fundargerð og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins.

Gestir: Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri, Helgi Jóhannesson frá Vegagerðinni og Gylfi Júlíusson frá Landgræðslunni.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Guðmundur Þór setti fundinn kl. 14:00 og bauð gesti velkomna. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt eftir afgreiðslu 2. liðar.

2. Kirkjugarðurinn á Ásum í Skaftártungu

Kynnti Guðmundur Rafn þá ósk Landgræðslunnar að Kirkjugarðaráð komi að framkvæmdum við að stöðva landbrot sem ein kvísl Skaftár veldur við kirkjugarðinn á Ásum í Skaftártungu.

Sveinn Runólfsson kynnti málið með myndasýningu þar sem glögglega sést síaukið landbrot við kirkjugarðinn á síðustu áratugum. Landgræðslan og Vegagerðin koma að þessum framkvæmdum, en ósk þeirra er að Kirkjugarðaráð komi einnig að framkvæmdunum að 1/3 hluta. Guðmundur Rafn lagði áherslu á að gera þyrfti þetta myndarlega, svo ekki þyrfti að ráðast í slíkar framkvæmdir aftur.

Þórsteinn taldi þetta þarfaverk. Guðmundur Rafn spurði Svein hvort ábúandi væri að tapa miklu landi með þessu landbroti, en Sveinn taldi svo ekki vera. Þórsteinn taldi að svipað og brugðist var við ofanflóðunum á Flateyri yrði það sama að gerast hér. Þórsteinn taldi skyldu Kirkjugarðaráðs að koma að þessum framkvæmdum. Guðmundur Rafn lagði til að kostnaði yrði dreift á þrjú ár. Sveinn sagði að Landgræðslan yrði framkvæmdaraðili og legði fram fjármagn. Vegagerðin hannar og býður út og nefndi hann að vel mætti dreifa kostnaði á þrjú ár. Guðmundur Rafn vildi að fært yrði til bókar að þessir þrjár aðilar kæmu að verkinu á þremur árum.

Hér viku af fundi þeir Sveinn, Helgi og Gylfi.

Guðmundi Rafni var falið að tala við Prestssetrasjóð. Fundurinn taldi að Kirkjugarðaráð yrði að fá endanlegar tölur frá Landgræðslunni og Vegagerðinni og að ráðið gæfi út viljayfirlýsingu um þátttöku. Valtýr taldi nóg að Kirkjugarðaráð gæfi út viljayfirlýsingu.

3. Bréf v/grafhýsa í Hjarðarholtskirkjugarði í Dölum

Guðmundur Rafn fór yfir málið, en aðstandendur þeirra sem í grafhýsunum hvíla óskuðu eftir álitum á hvað gera skuli við þau, en grafhýsin eru í slæmu ástandi. Dr.

Árni Björnsson, einn aðstandenda, leitaði álits Húsafriðunarnefndar sem taldi varðveislugildið töluvert, en vísaði málinu jafnframt til Kirkjugarðaráðs, en afrit var sent minjaverði Vesturlands og Vestfjarða hjá Fornleifavernd ríkisins. Gunnar nefndi að nokkur slíkra grafhýsa væri að finna í kirkjugörðum hérlendis og flest frá fjórða og fimmta áratug síðustu aldar, en flest þeirra væru illa farin. Guðmundur Rafn lét gera kostnaðaráætlun um viðgerðir á grafhýsunum og nam hún 533.337 krónum.

Fundurinn samþykkti að örlög þessara grafhýsa væru í höndum aðstandenda.

4. Endanlegt uppgjör vegna útdeilingar á fjármagni til kirkjugarða fyrir árið 2005

Fram kom að uppgjör vegna ársins 2005 hefði legið fyrir, fyrir hálfum mánuði. Eitthundrað og fimmtíu grafir voru óafgreiddar á miðju ári og þurfti rannsóknarvinnu á Hagstofu til að taka saman endanlegar tölur. Af þessum sökum eru ársskýrslur kirkjugarða ekki alveg nákvæmar. Tala þyrfti við Ríkisendurskoðun um hvernig haga skal þessum tölum. Á næsta ári mun þetta verða með öðrum hætti. Þá verða kannski tveir grafarflokkar og fast verð á gröfum. Fram kom á fundinum að fá þyrfti leyfi hjá dómsmálaráðuneyti til að ósóttir fjármunir rynnu til baka innan ákveðins tíma.

Þórsteinn óskaði eftir að bókað væri að uppfært bréf yrði sent til allra sóknarnefnda þar sem skyldur þeirra yrðu áréttáðar.

Valtýr taldi að ekki væri hægt að fyrna fé þeirra sem ekki skiluðu inn gögnum í tíma. Þórsteinn taldi skýringuna á því hve seint kirkjugarðastjórnir sendu inn upplýsingar kannski vera þá að þær héldu að kerfið hefði „tekið við ferlinu“ eftir að dánarvottorð var komið til sýslumanns. Hann benti á að mögulegt væri að koma því svo fyrir að þegar komið væri með dánarvottorð væri fyllt út eyðublað með heiti garðs og leiðisnúmeri.

Þórsteinn og Guðmundur Þór bentu á nauðsyn þess að koma þessu inn í nýju lögin. Þórsteinn vildi að talað væri við ríkisendurskoðanda um hvernig haga ætti þessum málum svo sem hvort senda ætti inn leiðréttingarskýrslu í lok árs. Guðmundur Þór taldi rétt að tala við Ríkisendurskoðun um þetta mál og samþykkti fundurinn það.

5. Vígsla á nýjum kirkjugarði í Kópavogi

Tekinn var fyrir 5. dagskrárliðurinn. Þann 10. ágúst s.l. vígði herra Karl Sigurbjörnsson biskup nýjan kirkjugarð í Kópavogi. Rúmlega hundrað manns voru við vígsluna, fólk úr Kópavogi og aðstandendur duftkers sem þar var jarðsett. Nú eru í garðinum tíu kistugrafir og 20 duftker.

6. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir dagskrárliðnum önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 16:03.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Gunnar Bollason,
ritari